

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 93/2020**

2023/EES/22/26

frá 18. júní 2020

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/587 frá 29. apríl 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1206/2011 um kröfur um auðkenningu loftfars í tengslum við kögun í samevrópska loftrýminu og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011 um kröfur um afköst og rekstrarsamhæfi kögunar í samevrópska loftrýminu <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 66wj (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2011):

„, breytt með:

- **32020 R 0587**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/587 frá 29. apríl 2020 (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2020, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66wl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1207/2011):

- „– **32020 R 0587**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/587 frá 29. apríl 2020 (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2020, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/587, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2020, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. júní 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Clara Ganslandt***

formaður.